

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. l. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið að framreikningsstuðull fyrir matsverð fasteigna skuli vera 1,34. Gildir það um allar fasteignir utan Reykjavíkur, svo og öll lönd og lóðir í Reykjavík. Enn fremur hefur nefndin ákveðið framreikningsstuðul 1,34 fyrir þau hús og önnur mannvirk í Reykjavík, sem ekki eru metin vélmati skv. reglum Fasteignamats ríkisins, og gildir þessi framreikningsstuðull einkum um atvinnuhúsnaði og önnur mannvirki til sérstakra nota. Fyrir þau hús og önnur mannvirki í Reykjavík, sem metin eru vélmati skv. reglum Fasteignamats ríkisins, hefur yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðul 1,20, en þar er einkum um að ræða íbúðarhúsnaði og annað húsnaði, byggt í tengslum við það.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Lindargötu 46, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísan til l. nr. 94/1976 sbr. l. nr. 60/1977 um breyting á þeim lögum, tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 31. desember 1977.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 412/1976 frá 21. desember 1976.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1977.

Matthías Á. Mathiesen.

Gunnlaugur Claessen.